

Undirritun viljayfirlýsingar um nám í listdansi á framhaldsskólastigi

Í dag var undirrituð [viljayfirlýsing](#) milli menntamálaráðuneytis, [Menntaskólans við Hamrahlíð](#) og Dansmenntar ehf. um samstarf um listdánám á framhaldsskólastigi.

Dansmennt ehf. er hlutafélag sem hefur að markmiði að starfrækja listdanskóla fyrir alla aldurshópa og á öllum námsstigum. Skólinn tekur til starfa sumarið 2006 og mun bjóða upp á nám samkvæmt gildandi námskrá skólaárið 2006-2007. Dansmennt ehf. mun starfrækja skólann í núverandi húsnæði [Listdanskóla Íslands](#) við Engjateig og hefur gert um það samkomulag við eiganda húsnæðisins. Að félaginu standa starfsmenn við Listdanskóla Íslands. Dansmennt ehf. hyggst bjóða kennurum við Listdanskóla Íslands störf við skólann eftir því sem rekstrarlegar forsendur leyfa.

Menntaskólinn við Hamrahlíð mun frá upphafi skólaárs 2006-2007 bjóða nám á listnámsbraut þar sem hægt verður að stunda listdánám á sérstökum kjörsviði til stúdentsprófs.



Lauren Hauser og Ástrós Gunnarsdóttir frá Dansmennt ehf., Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra og Lárus H. Bjarnason skólameistari Menntaskólans við Hamrahlíð.

Menntaskólinn mun gera þjónustusamninga við sjálfstætt starfandi skóla á sviði listdánáms um að þeir annist kennslu nemenda samkvæmt námskrá. Einnig mun menntamálaráðuneyti beita sér fyrir því að aðrir skólar á framhaldsskólastigi geti boðið áfanga í listdansi í vali og er það stefna ráðuneytisins að þeir

skólar, sem það gera, muni gera þjónustusamninga við sjálfstætt starfandi skóla um kennslu samkvæmt námskrá.

[Menntamálaráðuneyti](#) mun gera sérstakan samning til þriggja ára við Dansmennt ehf. um námsframboð til að tryggja að námsframvindu þeirra sem nú stunda nám við Listdanskóla Íslands verði ekki raskað og að boðið verði upp á nám við hæfi fyrir nemendur skólans á framhaldsskólastigi.

Þeir aðilar sem að viljayfirlýsingunni stóðu hyggjast vinna saman að uppbyggingu listnáms í samvinnu við foreldra barna, sem leggja stund á listnám, og aðra þá sem vilja tryggja að í boði sé metnaðarfullt nám í listdansi og sinna uppbyggingu þess af kostgæfni.

Á [námskrávef](#) menntamálaráðuneytis er að finna [drög að námskrá í listdansi á framhaldsskólastigi](#). Gert er ráð fyrir að ráðherra staðfesti þau þegar frestur til að gera athugasemdir rennur út í janúar nk.

Sótti alþjóðlegan fund menningarráðherra

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir [menntamálaráðherra](#) sótti árlegan ráðherrafund [International Network of Cultural Policy](#) (INCP), alþjóðlegs samstarfsvettvangs menningarmálaráðherra, sem haldinn var í Senegal dagana 23. og 24. nóvember. INCP var stofnað fyrir átta árum að frumkvæði menningarmálaráðherra Svíþjóðar og Kanada.

Á fundinum sem fjallaði um menningarlega fjölbreytni kynnti ráðherra m.a. niðurstöður [fundar kvenmenningarráðherra](#) sem haldinn var í Reykjavík síðastliðið sumar. Lagði hún áherslu á að erfitt væri að ræða menningarlega fjölbreytni nema konur nytu jafnréttis á við karla og að fjölbreyttir hæfileikar beggja kynja fengju að njóta sín.

Íslendingar hafa tekið þátt í þessu starfi frá upphafi, þó var ráðherrafundurinn sem haldinn var í Kína á sl. ári ekki sóttur. Markmiðið með starfi INCP er meðal annars að aðstoða aðildarríki við að móta menningarstefnu og sömuleiðis að vernda menningararfleifið og "menningarframleiðslu" hvers lands eins og kvikmyndir, blöð, bækur, myndbönd og geisladiska í hnattvæðingunni í ljósi þess að ekki sé um venjulega vöru eða þjónustu að ræða. Fyrir þrýsting frá INCP er málið nú komið í forgang hjá [UNESCO](#) og í undirbúningi er sáttmáli og viðræður við hagsmunaaðila eins og [WTO](#) og [WIPO](#).

Í tengslum við ráðherrafundina kemur saman óformlegur félagsskapur listamanna og annarra sem hagsmuna hafa að gæta, [International Network for Cultural Diversity](#) (INCD). Þessir aðilar vinna náið saman en fjölbreytni menningar er einnig eitt af baráttumálum UNESCO.

Menntamálaráðherra undirrita samning við Listaháskóla Íslands



Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra, Hjálmar H. Ragnarsson rektor, Ragnheiður Skúladóttir deildarforseti leiklistardeildar og Jóna Finnsdóttir framkvæmdastjóri Listaháskóla Íslands.

Mánudaginn 28. nóvember s.l. undirrituðu Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir [menntamálaráðherra](#) og Hjálmar H. Ragnarsson rektor [Listaháskóla Íslands](#) rekstrarsamning milli skólans og ráðuneytisins.

Samningurinn nær til kennslu í myndlist, leiklist, tónlist, hönnun- og arkitektúr auk kennaranáms. Helstu nýjungar í samningnum eru tvær nýjar námsbrautir við leiklistardeild, annars vegar fræði og framkvæmd, sem er þriggja ára B.A.nám í leiklist, og hins vegar eins árs diplóma í dansi. Enn fremur er þar ákvæði um uppbyggingu þekkingar á listasviðinu.

Námið í fræði og framkvæmd er jöfnum höndum fræðilegt og verklegt og er lögð áhersla á leiklist í sem víðustum skilningi. Námið í dansi er 30 eininga diplómanám sem er einingabært til B.A. gráðu og unnið í samstarfi við [Íslenska](#)

[dansflokkinn](#). Almennt markmið námsins er að undirbúa hæfileikaríka dansnemendur af framhaldsstigi fyrir fjölbreytt starfsvið sem danslistamenn. Þessi fjölgun námsbrauta í leiklistardeild boðar gjörbreytingu í leiklistarkennslu á háskólastigi á Íslandi.

Listaháskólinn skal vinna að uppbyggingu þekkingar á þeim listsviðum sem hann starfar á, skrá rannsóknir, uppfærða listafolk og vísindamenn á sviðum lista um uppbyggingu vísindasamfélags og leita tækifæra til nýrra verkefna og fjármögnunar rannsókna.

Stafræn jólakort



[Menntagátt](#) er samstarfsverkefni [menntamálaráðuneytis](#) og [Hugar hf.](#) Henni er ætlað að miðla

upplýsingum um efni sem tengist menntamálum og styðja við notkun upplýsingatækni í skólastarfi.

Á Menntagátt hefur nú verið opnað [jólakortasafn](#). Allir nemendur í leik-, grunn- og framhaldsskólum geta sent inn myndir í jólakortasafnið og þær verða sjálfkrafa að jólakortum. Hægt er að senda jólakortin í tölvupósti til vina og ættingja um allan heim. Notkun á safninu er gjaldfrjál.

Auk þess sem allir nemendur fá myndirnar sínar birtar í jólakortasafninu hljóta valdar myndir sérstaka viðurkenningu og verða höfundar þeirra verðlaunaðir fyrir framlagið. Það er [Skólavörubúðin](#) sem veitir verðlaunin.

